



Menningar, -ípróttar og -tómstundaráð
Reykjavíkurborgar

Umsögn Fjölmeningarráðs um tillögur um fjölmeningarfræðslu fyrir sjálfbóðaliða og þjálfara í ípróttar- og tómstundastarfi í Reykjavík

Fjölmeningarráð þakkar Menningar-, ípróttar- og tómstundaráði fyrir umsagnarbeiðni varðandi tillögu um fjölmeningarfræðslu fyrir sjálfbóðaliða og þjálfara í ípróttar- og tómstundastarfi í Reykjavík. Ráðið fagnar því samtali sem hér á sér stað, enda er mikilvægt að fagráðin hlusti á raddir grasrótaráttanna við ákvarðanatöku innan málaflokksins.

Fjölmeningarráð telur mikilvægt að borgin stuðli að virkri þátttöku allra barna og unglunga í ípróttar- og tómstundastarfi, sérstaklega barna af erlendum uppruna. Þátttaka í frístundum er partur af félagslegri viðurkenningu, hluti af samþættingu og gagnkvæmri aðlögun og hefur jákvæð áhrif á velliðan barnanna og ungmenna.

Skýrsla starfshóps um fjölmeningarfræðslu er vel unnin og taka tillögur starfshópsins sérstaklega mið af starfsemi ípróttafélaga sem er ný nálgun í þessum málaflökki þar sem er undirstrikað að félagsleg þátttaka barna af erlendum uppruna er aldrei einungis á ábyrgð foreldra þeirra eða barnanna sjálfra. Fjölmeningarráð telur mikilvægt að unnið sé með einstaklingum sem starfa innan ípróttafélaga til að styrkja þau í þeirra hlutverki að stuðla að aukinni þátttöku barna af erlendum uppruna í ípróttar- og tómstundastarfi.

Samkvæmt 13. gr. samstarfssamnings milli Reykjavíkurborgar og ípróttabandalags Reykjavíkur (hér eftir ÍBR), dags. 24. október 2016, skulu ÍBR og ípróttafélögin hafa virka jafnréttisstefnu og siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar. ÍBR og ípróttafélögin skulu jafnframt kynna sér stefnumótun Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og forvarnarmálum. Fjölmeningarráð telur að með fjölmeningarfræðslu megi vinna að ofangreindu markmiði og færa aðilum í ípróttar- og tómstundastarfi tæki sem nýta megi til að koma til móts við iðkendur af erlendum uppruna sem og foreldra eða forsjáraðila þeirra.

Fjölmeningarráð telur rétt að undirstrika að ekki er nóg að einblína á upplýsingagjöf til foreldra og barna af erlendum uppruna, heldur þarf að virkja þá einstaklinga sem starfa með börnunum innan ípróttafélaga. Fjölmeningarráðið fagnar að með þessum tillögum sé horft til gagnkvæmrar aðlögunar og ábyrgðar þeirra sem starfa innan ípróttafélaga. Aukið menningarnæmni og meðvitund um fjölbreytileika samfélagsins er hluti af grunnfærni allra sem starfa með börnum af erlendum uppruna.

Virðingarfyllst,

formaður Fjölmeningarráðs
Sabine Leskopf